



Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ 16. október 2023

Efni: Umsögn um fjárlög 2024, 1. mál.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti (nú félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti) til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Í framhaldi af undirbúningsvinnu ráðuneytisins og með hliðsjón af ályktun Alþingis skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í ágúst 2019, starfshóp til að vinna að framgangi verkefnisins og vera um leið formlegt samráðsteymi með vísan til bygðaaætlunar.

Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðu í maí 2020 í formi aðgerðaráætlun en þar segir m.a.

„Lagt er til að viðkomandi fagráðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnana á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustubörf“.

Ekki er hægt að sjá að fjárlög 2024 taki tillit til tillagna starfshópsins.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar þessa niðurstöðu og hvetur fjárlaganefnd til þess að hafa hana að leiðarljósi við gerð fjárlaga 2024.

Heilbrigðismál

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað um **50%** á árunum 2013-2023 en landsmeðaltalið er 22%. Fjárveitingar til heilbrigðismála á Suðurnesjum hafa ekki endurspeglad þá þróun.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum fagna þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Suðurnesjum á umliðnum mánuðum.

Fylgja þarf eftir verkefnum sem hafa verið í undirbúningi og umræðu.



- Í Suðurnesjabæ hefur lengi verið kallað eftir því að sett verði á laggirnar heilsugæslusel. Bæjaryfirvöld í Suðurnesjabæ hafa átt formlegar viðræður við heilbrigðisráðuneytið og forsvarsmenn HSS um að Heilsugæslusel verði sett á laggirnar í Suðurnesjabæ. S.S.S. tekur undir ákall Suðurnesjabæjar um opnun Heilsugæslusels.
- S.S.S. leggur áherslu á að framkvæmdir vegna opunar nýs heilsugæslusels í Vogum og uppbyggingu nýrrar heilsugæslu í Njarðvík gangi samkvæmt áætlun.

Mikilvægt er að viðhalda þeirri jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað undanfarið og tryggja áframhaldandi uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum.

Ferðapjónusta – Reykjanes UNESCO Geopark og Markaðsstofa Reykjaness

Ferðamálastofa gaf út skýrslu sumarið 2022 um erlenda ferðamenn á Íslandi þar sem fram kemur að um 15% fjölgun hafi verið á gestum á Reykjanesi árið 2021 miðað við árið 2019. Áætlað er að þrír af hverjum fjórum gestum landsins hafi komið á Reykjanesið. Á sama tíma hefur gistinóttum fækkað en meðal dvalarlengd gesta er undir 1 nótt (0.7).

Markaðsstarf undanfarinna ára, uppbygging á ferðamannastöðum og aðrir innviðir í ferðapjónustu auk eldgossins í Fagradalsfjalli útskýri að mestu þessa aukningu ferðamanna og breytta ferðahegðun um áfangastaðinn Reykjanes. Mun fleiri gestir eru að fara um svæðið daglega og heimsækja bæði þekktu og þróaða áningarstaði og einnig viðkvæm svæði sem eru ekki tilbúin að taka á móti ferðamönnum miðað við núverandi álag. Þessi athygli og umferð hefur leitt til viðsnúnings í ferðapjónustu á svæðinu eftir Covid en á sama tíma hefur þetta leitt til mikils álags á ferðamannastaði á svæðinu sem margir hverjir hafa látið á sjá.


Ljóst er að með áframhaldandi eldvirkni á Reykjanesi og aukins áhuga á Íslandi sem áfangastaðar mun gestum halda áfram að fjölga. Það er því mikilvægt að þróa áfangastaðinn með frekari uppbyggingu og viðhaldi á þeim stöðum sem hafa látið á sjá sem og dreifingu á álagi með uppbyggingu á nýjum áningarstöðum. Með þessu móti er áfram hægt að taka vel á móti gestum og veita þeim jákvæða upplifun á ferð sinni um svæðið.

Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum hvetur því ríkisvaldið til að taka þátt í þeim verkefnum sem Reykjanes Geopark, sveitarfélög á svæðinu og landeigendur á Suðurnesjum þurfa að takast á við næstu árin. Mikilvægt er að tryggja fjármagn í Gestastofur á Reykjanesskaganum eins og gert var t.d. fyrir Svæðisgarðinn á Snæfellsnesi á fjárlögum 2021.

Tryggja þarf fjármuni til Markaðsstofu Reykjaness en hún hefur undanfarin 3 ár lagt allt sitt að mörkum til þess að tryggja öryggi og upplifun gesta er heimsækja Reykjanesskagann. Þegar gos hófst í júlí s.l. við Litla Hrut voru heimsóknir á heimasíðu Markaðsstofu Reykjaness um 20.000 á dag. Við greiningu á umferð sást að 87% heimsókna komu frá leitarvélum og Safetravel. Það er því ljóst að Markaðsstofa Reykjaness sinnir lykilhlutverki þegar kemur að því að tryggja öryggi gesta og veita réttar upplýsingar. Markaðsstofa Reykjaness hefur sinnt þessu s.l. 3 ár án þess að fengið stuðning við starfsemi sína. Hér með er óskað eftir fjárframlögum til framtíðar að ígildi tveggja stöðugilda.


Sóknaráætlanir og stoðþjónusta á landsbyggðinni.

Við samþykkt fjárlaga fyrir 2023 voru framlög til atvinnuþróunar hækkuð um 40 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Tillaga fjárlagafrumvarps 2024 er að draga þessa hækkun til baka. Aukningin sem fjárlaganefnd lagði til í fyrra er í fullu samræmi við bæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem og samþykktu stefnu Alþingis í byggðamálum. Þessi lækkun myndi draga mjög úr þjónustu atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er óásættanlegt og úr takti við stefnu stjórnvalda.



Framlög til fjárlagaliðsins Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni árin 2002-2024 á verðlagi hvers árs í m.kr. samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun 2024.

Undirbúningur að nýjum sóknaráætlunum fyrir tímabilið 2025-2029, hefst á næsta ári og ættu skilaboð stjórnvalda heldur að vera í þá átt að efla sóknaráætlanir og því óásættanlegt að framlög færi aftur á nafnvirði framlaga. Slíkt væru einnig óæskileg skilaboð Alþingis varðandi stöðu sóknaráætlana inn í fjármálastefnu og fjármálaáætlun 2025-2029. Á grunni sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla.



Framlög til fjárlagaliðsins Sóknaráætlun árin 2020-2023 á verðlagi hvers árs í m.kr.

Sama staða er uppi vegna fyrirhugaðs niðurskurðar til ferða- og markaðsmála sem grefur undan því mikilvæga markmiði að gera ferðaþjónustu að undirstöðuatvinnugrein á landsbyggðunum. Þá er augljóst að það mun draga úr þrótti við að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa þannig álagi af ferðamönnum. Á sama tíma og álogur á greinina eru auknar er lagt til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 að draga úr bæði framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Því er farið fram á að tillögur fjármálaráðuneytisins um lækkun framlaga til sóknaráætlana landshluta um 120 m.kr og framlög til atvinnuráðgjafar um 40 m.kr. verði dregnar til baka og hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun. Á sömu forsendum verði lækkanir dregnar til baka og bætt enn frekar í framlög til bæði Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa

Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2011 en framlögin hafa lækkað um 40% sé tekið tillit til launavísitölu og halda því ekki í við þörfina.

Auk þess sem verkefnum sem snúa að byggðapróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir. Í gildandi byggðáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðapróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar en ekki skera þau niður eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2024 til að tryggja framgang byggðáætlunar.

Málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd

Sveitarfélögin á Suðurnesjum hvetja ríkisvaldið til að koma betra skipulagi á málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum lýsa yfir áhyggjum af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Málaflokkurinn hefur vaxið á síðastliðnum árum án þess að skýr stefna hafi verið mótuð hjá ríkisvaldinu. Það hefur reynt á alla innviði á Suðurnesjum og nú er svo komið að þeir eru að þolmörkum komnir.



Sveitarfélögin á Suðurnesjum lýsa yfir þungum áhyggjum af einhliða ákvörðunum Vinnuálastofnunar um að taka á leigu húsnæði í sveitarfélögunum til þess að hýsa stóran hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd. Fundurinn bendir á, að þótt svo fyrir liggi að finna þurfi stórum hópi umsækjenda húsnæði á Íslandi á næstu mánuðum, þá verði ríkið að gæta þess að ganga ekki fram með þeim hætti að íþyngja innviðum og þjónustu sveitarfélaga þannig að illa verði við ráðið. S.S.S. lýsir yfir vonbrigðum með að afstaða sveitarfélaganna hafi verið virt að vettugi og kallað er eftir því að samráð við sveitarfélög verði styrkara en verið hefur.

S.S.S. telur brýnt sé að fækka umsækjendum um alþjóðlega vernd með búsetu á Suðurnesjum verulega og að fjöldinn verði í eðlilegu hlutfalli miðað við íbúafjölda og fjölda umsækjenda í öðrum sveitarfélögum og landshlutum. Áskorunin að taka á móti fólki á flótta getur ekki verið á ábyrgð fárra sveitarfélaga, tryggja verður dreifingu milli sveitarfélaga og sameiginlega ábyrgð á þessu stóra verkefni

Almenningssamgöngur

Í ársreikningi S.S.S. vegna ársins 2022 er ófrágengin staða við Vegagerðina vegna almenningssamgangana á landsbyggðinni en sá samningur rann út í árslok 2019. Eiginfjárstaða málaflokksins í árslok 2022 var neikvæð upp á kr. 94.398.869,-

Á grundvelli 3.gr. laga nr. 162/2011, sbr. 1.mgr., 7. gr. laga nr. 73/2001 um fólksflutninga, var Vegagerðinni fengin lagaheimild til að veita sveitarfélögum, byggðasamlögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga einkaleyfi á skipulagningu og umsjón almenningssamgangna á tilteknu svæði og á tilteknum leiðum.

Á grundvelli framangreindar heimilda var S.S.S. fengið einkaleyfi á almenningssamgöngum á Suðurnesjum. Gerðu Vegagerðin og S.S.S. með sér samning um almenningssamgöngur á Suðurnesjum og var hann undirritaður þann 1.febrúar 2012. Samkvæmt honum skyldi S.S.S. tryggja almenningssamgöngur á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt fyrrgreindum samningi var engum öðrum en S.S.S. óheimilt nema með samþykki S.S.S. að stunda reglubundna fólksflutning á starfssvæði S.S.S. og á milli Suðurnesja og höfuðborgarinnar. Var það sérstaklega áréttað í samningi að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hin svonefnda Flugrúta væri í áætlun.

Á grundvelli fyrrgreinds samnings bauð S.S.S. út aksturinn á hinu Evrópska efnahagssvæði í nóvember 2012. Það var svo þann 19. desember 2013 sem að S.S.S. barst einhliða tilkynning frá Vegagerðinni í bréfi undir fyrirsögninni „Niðurfelling einkaleyfis á áætlun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í bréfinu afturkallaði Vegagerðin fyrri ákvörðun sína um veitingu einkaleyfis á FLE leiðinni og ákvað þar með einhliða að hún skyldi ekki vera lengur hluti af samningi milli aðila.

Má þá segja að allur rekstrar grundvöllur að kerfinu hafi brostið. Hryggjastykkið úr leiðarkerfinu hvarf og ljóst að það kerfi sem eftir var myndi ekki standa undir rekstri almenningssamgangna á Suðurnesjum.

Enn eitt höggið varð svo í september 2017 en þá tilkynnti þáverandi akstursaðili SBK ehf. nú ABK ehf. um að félagið myndi ekki standa við samninginn sem gerður var á grundvelli fyrrnefnds útboðs.



Verður það að teljast einstakt í sögu almenningssamgangna á Íslandi fyrirtæki sem er samningsaðili að undangengnu útboði verði uppvís að slíku samningsbroti.

S.S.S. hafði því engan annan kost en að bjóða út aftur og þegar útboð var opnað þann 13. desember 2017 kom í ljós að lægsta tilboðið hljóðaði upp á 180mkr eða 62 mkr. hærra en eldra tilboð.

Stjórn S.S.S. gat ekki gengið að slíku tilboði enda væri það með öllu ábyrgðarlaust. Ekki er hægt að bæta 62mkr. við núverandi rekstrarhalla, hallinn hefði því orðið 156.,4 mkr.,-

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (S.S.S.) og Samtök sveitarfélaga á norðurlandi eystra (SSNE) hafa leitað til Vegagerðarinnna um uppgjör á þessu verkefni en Vegagerðin greiddi upp halla annara landshlutasamtaka þegar samningstíma lauk. Sú viðleitni hefur til einskis leitt þar sem Vegagerðin kveðst ekki hafa fjárheimildir til uppgjörs. Þetta er klárlega brot á jafnræðisreglu og óskar S.S.S. hér með eftir því að Fjárlaganefnd leiðrétti þetta ójafnræði.

Virðingarfyllt,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum


Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.